



Yfirborð Utopia Planitia

ESP_032108_2240



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Fljótandi vatn og ís hafa að miklu leyti mótað landslagið á Mars. Hér sjáum við landslagsþætti sem gætu hafa myndast þegar mikið magn íss hvarf úr setlögnum undir yfirborðinu: Tíglamynstur með smáum sprungum og stærri lægðir í laginu eins og hörpudiskar. Þegar sífrerinn hvarf, seig yfirborðið svo sprungur og sár mynduðust í jarðveginum (e. thermokarst). Ís er venjulega stökkur og ber leikandi þyngd jarðvegsins fyrir ofan. Þegar ís bráðnar eða gufar upp getur lagið fyrir ofan sigið og hrunið og sár myndast þar sem ísinn hvarf. Lögun lægðanna sem myndast þá veita okkur vísbendingar (og búa til spurningar) um uppruna íssins.